



Fundargerð

Stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar
miðvikudaginn 19. febrúar 2014 kl. 20.00.

Fundarstaður: Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.

Mætt: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Sveinn Ragnarsson og Eiríkur Kristjánsson i forföllum
Gústafs Jökuls Ólafssonar. Einnig sátu fundinn Hrefna Hugosdóttir hjúkrunarforstjóri og
Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

Fundargerð rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. Minnispunktar hjúkrunarforstjóra yfir stöðu og framkvæmdir.

Hrefna Hugosdóttir hjúkrunarforstjóri lagði fram minnispunkta á fundinum og fór yfir þá. Hún ræddi stöðu Barmahlíðar, framkvæmdir árið 2014, en sótt verður í Framkvæmdasjóð aldraðra vegna framkvæmda árið 2014. Ekki hefur verið opnað fyrir umsóknir. Hún ræddi húsnæði Barmahlíðar og nauðsyn þess að skipuleggja framkvæmdir á heimilinu til framtíðar.

2. Starfsmannamál, ósk um launað starfsleyfi.

Erindi frá Agnieszku A. M. Kowalczyk er varðar launað frí vegna sjúkraliðanáms í þrjár vikur í mars 2014.

Stjórnin samþykkir launað leyfi í 3 vikur og er það bundið skilyrði um áframhaldandi starf hjá sveitarfélaginu að námi loknu, sem miðast við 100% starf í fjóra mánuði. Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningi við viðkomandi. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál, löglega upp borin

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 21.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____